



Jökclarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 79

október 2000

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 31. október 2000
kl. 20:00 í Norrænahúsinu (**Athugið staðinn**).
Á dagskrá verður:

1. Jöklar Norðurlands *Oddur Sigurðsson*
2. Kaffi
3. Myndir úr ferðum félagsins í ár

HAUSTFUNDUR

Jöklar Norðurlands

Jöklar á Íslandi eru sérstakir fyrir margra hluta sakir. Vegna sérstöðu landsins hvað eldfjöll og berggerð áhrærir er umgerð jöklar hér á landi frábrugðin öllum öðrum í heiminum. Vegna stærðar sinnar og stórviðburða draga stóru jöklarnir og þá einkum Vatnajökull að sér athygli. Ekki er þó vansa laust að gefa ekki þeim hinum minnstu nokkurn gaum. Á haustfundri Jöklarannsóknafélagsins verður fjallað um jöklar á Norðurlandi sem allir eru smáir í samanburði við hveljöklana á Miðhálendinu og Suðurlandi. Þeir eru engu að síður afar forvitnilegir og sumir hverjir hreint augnayndi. Þegar grannt er skoðað segja þeir líka mikla sögu. Sýndar verða myndir af mörgum jöklum austan og vestan Eyjafjarðar og þeim sporum sem þeir hafa markað í landið.

Oddur Sigurðsson

Myndasýning

Eftir hlé verða sýndar myndir frá úr vor-, summar- og haustferðum félagsins. Meðal annars verða myndir frá annarri siglingu sögunnar á Grímsvötnum.

JÖKULHLAUP 2000

Sumarið 1999 var viðburðarákt hvað varðar jökulhlaup og nægar þar að minna á stærsta hlaup aldarinnar bæði í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Sólheimasandi. Ekki komu hlaup nýliðins sumars verulega á óvart en voru allforvitnileg engu að síður. Skaftá hljóp í tvígang og leið aðeins vika á milli. Aðfaranótt þess 4. ágúst fór leiðni í Skaptá að aukast uppi við Sveinstind en síðdegis daginn eftir tók vatnsborð að hækka þar. Upp úr miðnætti þann 7. ágúst náði hlaupið hámarki með 720 rúmmetrum á sekúndu. Úr því dró úr hlaupinu jafnt og þétt þar til um hádegi þess 11. ágúst að það rauk upp á ný og náði 1300 rúmmetrum á sekúndu rétt um sólarhring seinna. Hlaupið var fullfjarað þann 17. ágúst.

Hérna var lýst tveimur hefðbundnum hlaupum í Skaftá, því fyrra úr vestari Skaftárkatli og því seinna úr hinum eystri og stærri. Sitthvað var óvenjulegt við þessi hlaup. Í fyrsta lagi höfðu liðið þrjú ár frá því að eystri ketillinn hljóp síðast en venjulega koma þau á rúmlega tveggja ára fresti. Í öðru lagi leið tæp vika á milli hlaupa þannig að hið fyrra hafði ekki fjarað út þegar hið seinna hófst. Menn áttu von á að hlaupið yrði í stærra lagi vegna þess að eystri ketillin hafði safnað í sarpinn óvenju lengi, seinna hlaupinu bættist lögg úr því fyrra og opin göng voru fyrir hendi í jöklinum hluta af leið seinna hlaupsins. Ekki varð þó úr þessu afbrigðilega stór hlauptoppur, mun minni en bæði 1995 og 1984 sem voru stærst allra mældra hlaupa í Skaftá.


Nokkur smáhlaup voru hér og þar á landinu svo sem í Skeiðará sem ekki er í frásögur færandi. Leirá sem fellur úr Kötlukrika undan Mýrdalsjökli austanverðum gaf frá sér smáhlaup svipað og hún hefur gert síðan 1996 en ekki er kunnugt um hlaup úr henni fyrir þann tíma. Úr Grænalóni hefur ekki hlaupið síðan 1995 og skýtur þar skökku við.

Þann 27. september s.l. kom merkilegt hlaup í Kotá í Öræfum. Stóð það aðeins í um eina klukkustund en var svo burðugt að það flæddi yfir brúna án þess þó að skemma hana en talsvert skolaðist úr garði við ána. Ekki er vitað til svo stórra hlaupa í Kotá síðan brú kom á ána.

Jökulhlaup virðast greinast í two megin flokka. Annars vegar eru hlaup sem aukast hægt og sígandi á mörgum dögum eða jafnvel vikum og eru Skeiðarárhlauð á undanförnum áratugum klassísk dæmi um slíkt. Hefur eðlisfræði þeirra verið lýst á skilmerkilegan hátt. Hins vegar eru hlaup sem vaxa ótt eins og stífla hafi brostið. Þess konar hlaup koma jafnan í Skaftá og Jökulsá á Fjöllum úr Kverkfjöllum eða Dyngjujökli. Sama eðlis var hlaupið í Jökulsá á Sólheimasandi 1999, nýafstaðið hlaup í Kotá og stóra Skeiðarárhlauðið 1996. Bíður það verkefni eðlisfræðinga að skýra hvernig á þeim getur staðið. Enn geta sum hlaup verið blanda af þessum tvønnskonar ferlum.

Enginn vafi er á að Ísland er draumaland þeirra sem rannsaka vilja jökulhlaup. Það er engin tilviljun að þetta fyrirbrigði heitir *jökulhlaup* á alþjóðatungu fræðanna, því hvergi eru þau jafn algeng og hér á landi.

Oddur Sigurðsson



HÁLFRAR ALDAR AFMÆLISHÁTÍÐ JÖRFÍ

Pann 22. nóvember 2000 verður Jöklarannsóknafélag Íslands fimmtíu ára gamalt. Í tilefni þess stendur félagið fyrir hátíðahöldum þann 18. nóvember 2000. Siðdegis þann dag verður hátíðarfundur í Norrænahúsinu með fyrirlestrum og veggspjaldasýningu og um kvöldið heldur félagið árshátíð sína á Hótel Sögu. Nánari tilkynning verður send út í sérstöku fréttabréfi er nær dregur hátíðinni en félagar eru beðnir að eiga þennan dag lausan til fagnaðar.

Nefndin